



Umsókn fyrir fólk sem á eða leigir landspildur á Hekluskógasvæðinu. T.d. sumarhúsalóðir eða aðrar spildur.

Nafn umsækjanda: _____ Kt.: _____

Heimili: _____ Póstnr.: _____

Staður: _____ Sími: _____ Netfang: _____

Staðsetning landspildu:

Jörð: _____

Hreppur: _____ Sýsla: _____

Áætluð stærð skógræktarsvæðis: _____ ha.

Svæðið er: friðað fyrir beit ekki friðað

Svæðið er: Illa gróið nýlega uppgræðsla vel gróið

Ef svæðið er ekki friðað, hvenær verður það friðað? _____

Græða verður svæðið upp til að minnka hættu á fokskemmdum eða holklakavandamálum.

Nú þegar gróðursett á svæðinu: fjöldi plantna: _____ hvenær byrjað: _____

Ef landeigandi er annar en umsækjandi:

Nafn landeiganda: _____

Heimili: _____

Póstnr.: _____ Staður: _____

Dags. _____

undirskrift

Sendist:

Hekluskógar, Gunnarsholti, 851 Hella

hronn@hekluskogar.is Sími: 899 9662

Hekluskógar

Úthlutunarreglur fyrir eigendur sumarhúsaloða og annarra landspilda á Hekluskógasvæðinu

- * Meginmarkmið Hekluskóga eru að endurheimta birkiskóga og víðikjarr í nágrenni Heklu. Slík skóglendi minnka vikurfok í kjölfar gjóskugosa úr eldfjallinu og verja þar með lönd í nágrenni fjallsins fyrir jarðvegseyðingu.
- * Tilgangur með þessum úthlutunarreglum Hekluskóga er að styrkja eigendur sumarhúsaloða og annarra landspilda á Hekluskógasvæðinu sem eru 2 til 25 ha að stærð til þátttöku í Hekluskógaverkefninu.
- * Styrkurinn er í formi bakkaplanta af birki 670 stk hið minnsta. Styrkveitandi og umsjónaraðili er Hekluskógar. Umsóknir verða metnar af verkefnisstjóra Hekluskóga ásamt stjórn Hekluskóga sem tekur endanlega ákvörðun um úthlutun.
- * Styrkþegi leggur fram jafn margar birki eða reyniviðarplöntur á móti. Auk þess geta græðlingar af víðibrúskum á svæðinu sem viðkomandi klippir sjálfur að vori og stingur í jörðu komið sem mótframlag. Sé styrkþegi þátttakandi í Landgræðsluskógum eða Suðurlandsskógum þarf land til ræktunar Hekluskóga að vera skýrt afmarkað frá annarri ríkisstyrktri skógrækt. Eingöngu plöntur gróðursettar á sama ári og styrkplönturnar eru afhentar gilda sem mótframlag.
- * Plöntur eru afhentar frá dreifingarstöð eftir nánara samkomulagi við verkefnisstjóra Hekluskóga en styrkþegi sér um flutning þeirra á gróðursetningarstað. Taka má allar plönturnar í einu eða í smærri skömmtum.
- * Eins og áður er getið þarf styrkþegi að hafa a.m.k. 0,5 ha og upp í 25 ha lands til skógræktar, sem er friðað fyrir beit. Ekki eru gerðar sérstakar kröfur um landgæði, sé jarðvegسفok á svæðinu þarf þó að stöðva það áður en hægt er að gróðursetja í landið.
- * Verkefnisstjóri Hekluskóga eða fulltrúi hans hefur eftirlit með framkvæmd gróðursetningar hjá hverjum landeiganda.
- * Styrkþegi skuldbindur sig til að halda landinu friðuðu fyrir beit á meðan skógurinn er að vaxa yfir bithæð eða um 2 m. fyrir sauðfé og 3 m fyrir hross.